



Trúnaðarmanna – og fulltrúaráðsfundur Sameykis

Dagskrá fundar:

1. Ávarp formanns – Árni Stefán
2. Staða verkefna hjá íbúðafélaginu Bjarg og hugmyndir um fjármögnun íbúðafélagsins Blæs - Björn Traustason
3. Staðan í kjaramálum – Árni Stefán
4. Kosning trúnaðarmanna – Kristín Erna Arnardóttir
5. *Kaffi*
6. Fundur UN í New York – Sólveig Jónasdóttir
7. MA styrkurinn – Stofnun ársins – Eva Sigrún Guðjónsdóttir
8. Fróðleiksmolinn: Orlofskostir – Ása Clausen
9. 1. maí – Þórarinn Eyfjörð

Dags. 29.04.2019	Kl. 13:00	Staður: Gullhamrar
Fundarboðari: KEA	Fundarritari: ISF	

1. Árni setti fundinn og fór yfir dagskrá dagsins
2. **Staða verkefna hjá íbúðafélaginu Bjarg og hugmyndir um fjármögnun íbúðafélagsins Blæs**

Björn Traustason framkvæmdastjóri fór fyrst yfir fjármögnun verkefna Bjargs sem var 30% með stofnframlögum frá ríki og sveitarfélögum, 70% með 50 ára láni frá lánastofnun. Stofnframlögin verða endurgreidd eftir 50 ár. Greiðslubyrði verður að hámarki 25% af heildartekjum, að teknu tilliti til húsaleigubóta. Áætlanir gerðu ráð fyrir 1.400 íbúðum á landsvísu. Viljayfirlýsing gerir ráð fyrir 1.000 íbúðum í Reykjavík, 150 í Hafnarfirði, en einnig á Akranesi, Akureyri, Þorlákshöfn, Sandgerði og Selfossi. Í byggingu og í hönnun eru samtals 1.048 íbúðir. Íbúðir eru smærri til að geta haldið leiguverðinu lágu. Það eru lágmarksinnréttingar til að gefa leigutökum kost á að hanna hluta sjálfir. Fyrstu íbúðir verða afhentar í júní, Móavegur í Spönginni, næst eru Urðarbrunnur og Kirkjusandur og fljótlega fer Hraunbær af stað. Unnið er með nokkrum arkitektum og verktökum. Á Akranesi hefjast fljótlega framkvæmdir, annað skipulag verður þar og öðruvísi lausnir, meira verður forsmíðað erlendis, flutt heim og púsalað á staðnum. Framkvæmdatíminn á byggingastaðnum styttest mikið og þetta er hagkvæmari kostur, er timburhús. Skipulagið á Akranesi býður upp á meira frjálsræði. Vogabyggð – þar fáum við lóð líka, Reykjavíkurborg leggur til fínar lóðir. Í Hafnarfirði býðst að koma snemma inn í skipulagsferlið í Hamranesi (efst á Völlum). Í Reykjavík er búið að skipuleggja alla reiti fyrirfram og byggingar verða að passa þar inn. Nýlega var auglýst eftir nýjum

samstarfsaðilum til að taka þátt í uppbyggingunni. Tekið tillit til reynslu og að hún verði eftir í Bjargi til lærdóms. Keðjuábyrgð er krafa Bjargs í samningum við verktaka, strax er búið að reyna á það.

Blær – var stofnað á sama tíma og Bjarg. Það er án tekju- og eignamarka fyrir leigutaka. Það er óhagnaðardrifið félag og því erfitt að ná í eigið fé, það var sett á hilluna og leitað lausna. Nú í aðdraganda kjarasamninga var það dregið upp á yfirborðið, það eru bókanir um að koma því á koppinn. Nú er unnið að því að finna fjármagn. Ráðgjafi vinnur að því að kynna Blæ fyrir lífeyrissjóðunum. Hagkvæmt leigufélag þarf væntanlega 1.000 íbúðir. Þekking og reynsla Bjargs nýtist Blæ. Nú verður leigumarkaðurinn svona: Félagslegt húsnæði – Bjarg – Blær – Almennur markaður. Það er verið að vinna að því að tryggja að enginn lendi á milli úrræða vegna tekjumarka.

Björn bauð upp á fyrirspurnir og umræður voru um tekjumörk, byggingareiti, lóðir á móti sólu og fleira. Spurt var um eftirspurn, rekstur húsfélag og afskriftarþrósentu. Eftirspurnin er góð, á annað þúsund manns á biðlista, aukning umsókna fylgir góðri umfjöllun í fjölmiðlum. Langflestir eru Íslendingar, meirihluti konur og margar einstæðar mæður. Björn sagði að aðildafélögin beri ábyrgð á að kynna þetta fyrir sínum félagsmönnum, það þarf að ná til erlendra félagsmanna. Bjarg rekur rekstrarfélög um viðhald en leigutakar fá að ráða nærumhverfi, þrif, garðslátt og fleira.

Afskriftarþrósentan, lán verða greidd niður á 50 árum og 12 ár eftir það að greiða niður stofnframlögin, eftir það fer fjármagn í að stækka kerfið. Spurt um lánin, hvort þau sé verðtryggð, já, seinna gæti verið farið út í skuldabréfaútbod, það verður eilífðarverkefni að tryggja fjármögnun. Spurt um umsóknir og hvort búið sé að fara yfir þær. Fyrst setur fólk sig á lista, þegar íbúðir eru tilbúnar er auglýst eftir umsóknum, ekki víst er að allir á listanum hafi áhuga á þeim íbúðum og staðsetningum sem eru í úthlutun.

3. Staðan í kjaramálum

Árni Stefán fór yfir stöðuna, ekki er mikið að fréttu.

Launaþróunartrygging – Ríkisstarfsmenn fengu v/2016 1,3%, vegna 2017 ekkert og vegna 2018 eru þeir undir. Sveitarfélögin – starfsmenn hafa fengið: 2016 – ekkert, 2017 – 1,4% og vegna 2018 hækka laun um 1,5%, frá og með 1. janúar 2019. Það var samið um þetta kerfi 2015 og gert er ráð fyrir að þetta kerfi haldi áfram. Ef starfsmenn lenda í mínus verður það ekki dregið af kjarasamningshækkunum heldur jafnað í næstu útreikningum vegna launaþróunartryggingar.

Árni fór yfir hverja er búið að ræða við. BSRB er einnig að ræða við stærstu viðsemjendur okkar, um jöfnun launa á milli markaða, styttingu vinnuvikunnar og launaþróunartryggingu. Reykjavíkurborg hefur lagt fram hugmyndir sínar að styttingu vinnuvikunnar, það verður kynnt fyrir samninganefndinni í vikunni. Einnig er starfshópur um starfsþróunarmál og samstarf um rekstur Fræðsluseturs - (Starfsmennt). Starfshópur er um verklag í skólum v/skólaliða – viðmið um ræstingar í blönduðum störfum og starfsfólk í mótuneytum, um mönnun þeirra.

Ríkið – aðeins hefur verið rætt um styttingu vinnuvikunnar þar. Einnig um jöfnun launa á milli markaða – það þarf miklar upplýsingar frá Hagstofunni, það gengur hægt að fá þær upplýsingar. Einnig rætt um Starfsmennt – ríkið er jákvætt fyrir því.

Aðeins um samninga á almenna markaðnum:

1.apríl 2019 – 17.000 kauptaxtahækkun – 17.000 almenn hækkun

1.apríl 2020 – 24.000 kauptaxtahækkun – 18.000 almenn hækkun

1.janúar 2021 – 23.000 kauptaxtahækkun – 15.750 almenn hækkun

1.janúar 2022 – 26.000 kauptaxtahækkun - 17.250,- almenn hækkun

Kaupauki vegna launaþróunar 2020-2022; ef launavísitala hækkar umfram launataxta. Kaupauki, krónutala bætist við kauptaxta frá 1. maí.

Stytting vinnuvikunnar, VR/LÍV – samið um 45 mínútna styttingu vikulega vinnutíma – miðað við að sleppa kaffitíma. Efling – gert í gegnum 5. kafla kjarasamnings - fyrirtækjaþáttur. Stytt í 36 virkar

stundir gegn niðurfellingu kaffítíma. Ef það er gert er „ávinningi vegna bættrar nýtingu vinnutíma og aukinnar framleiðni“ skipt milli starfsmanna og atvinnurekenda – þannig geta starfsmenn fengið viðbótarstyttingu.

Hagvaxtartengdar hækkanir: Launaukinn bætist bæði við mánaðarlaunataxta og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Forsenduákvæði – kaupmáttur launa hafi aukist á tímabilinu skv. Hagstofu - vextir taki verulegum lækkunum - stjórnvöld standi við gefin fyrirheit. 2 tímamarkar september 2020 og september 2021.

Spurt um hvort við fáum sams konar samninga, hvort við biðjum ekki um meira. Árni sagði það vera viðbúið að okkur verði boðið þetta. Iðnaðarmenn eru að fást við það núna, þeir ætla ekki að setta sig bara við krónutöluhækkanir. Við sættum okkur ekki við að selja kaffítíma, kaffítímar eru nauðsynlegur hluti vinnutímans. Rætt um vinnutímastyttingu, Árni býst við að baráttan verði um að koma dagvinnufólki í 36 stundir og vaktavinnufólki í 32 stundir. Umræður um kaffítíma og styttinguna.

4. **Kosning trúnaðarmanna**

Kristín sagði að allt er að verða klárt fyrir kosninguna. Við höfum mánuð til að klára verkefnið. Plaköt liggja frammi til að auglýsa á vinnustöðum. Allar upplýsingar eru á heimasíðu Sameykis (fara á gömlu heimasíður félaganna). Umræður um kosninguna og breytingar frá fyrra kerfi St.Rv.

5. **KAFFI**

6. **Fundur UN í New York**

Sólveig sagði frá heimsókn sinni til New York á fund kvennanefndar UN. Sólveig var að fara í 3. sinn. Margvísleg dagskrá var og hliðardagskrá, 400 viðburðir og 9.000 þátttakendur, mest konur. Gestirnir komu frá 42 löndum, frá BSRB voru Sólveig, Sonja Ýr formaður og Dagný Pind Aradóttir lögfræðingur. Katrín Jakobsdóttir var meðal fyrirlesara og fjallaði um fæðingarorlof. Einkavæðing var ofarlega í umræðunni. Ógn er af einkavæðingu í heilbrigðismálum sem bitnar mest á konum. Jafnréttismál á Norðurlöndum vekja jafnan athygli á heimsvísu.

7. **MA styrkurinn – Stofnun ársins**

Eva Sigrún Guðjónsdóttir sagði frá rannsókn og ritgerð sinni sem hún gerði eftir styrkveitingu sem hún fékk í fyrra á Stofnun ársins. Rannsóknin fjallar um innra markaðsstarf fyrirtækja og stofnana og tengsl þess við niðurstöður könnunarinnar Stofnun ársins.

8. **Fróðleiksmolinn: Orlofskostir**

Ása Clausen fór yfir orlofskosti Sameykis. Í dag er verið að úthluta sumarúthlutun. Eftir 15. maí verður auglýst það sem er laust eftir sumarúthlutunina. Þá verður í boði dagleiga í einhverjum húsum. Yfir 70 eignir Sameykis og 17 eignir sem eru í framleiðu. Orlofsstjórn fundaði í dag og fjallaði um breytingar á 3 húsum í Munaðarnesi sem komu frá St.Rv. Á Spáni eru 3 íbúðir.

Á Akureyri eru íbúðir og félagsmenn sem búa þar eða í nágrenni hafa ekki rétt til að leigja þær. Sama gildir með íbúðir í Reykjavík, þær eru ætlaðar félagsmönnum utan af landi.

Spurt um á endurbætur á Akrakoti, gólfíð gekk í bylgjum. Ása sagði að gólfíð hafi skemmst í Suðurlandsskjálfta um árið. Það er í deiglu að endurbyggja það, það er of dýrt að gera við það. Rætt um gæludýrahús sem eru ekki mörg.

9. 1. maí

Þórarinn fór yfir dagskrá 1. maí. Góð veðurspá og veður verður því engin afsökun. Félagið ætlast til þess að trúnaðarmenn taki þátt í hátíðahöldunum. Safnast á saman kl. 12:30 á Grettisgötunni og ganga saman í hóp niður á Laugaveg þar sem gangan hefst. Á landsbyggðinni eigum við fulltrúa sem taka þátt í skipulagningu og viðburðum. Nú eigum við í kjarabaráttu og mikilvægt að við séum sýnileg þennan dag.

Fundi slitið kl. 16:00